

**Alþingi**  
**Nefndasvið**

**Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 með síðari breytingum, 352. mál.**

Frumvarpinu er ætlað að tryggja hjónum og sambúðarfólki rétt til að vera áfram samvistum þótt annað þeirra þurfi vegna skertrar heilsu eða færni að dveljast til langframa á stofnun fyrir aldraða. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við sjónarmið um sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt eldri borgara, lífsgæði aldraðra, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu- og mannréttindasjónarmið.

Umræða um það málefni sem frumvarp þetta fjallar um hefur um árabíl staðið yfir á norðurlöndunum, meðal annars með þátttöku landssambanda eldri borgara þarlendis. Þar er að finna ýmsar hugmyndir og reynslu sem gagnlegt getur verið að kynna sér til að tryggja farsæla útfærslu og framkvæmd þess ákvæðis sem frumvarp þetta tekur til. Þessi búseturéttur er við lýði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í mismunandi útfærslum og því unnt að læra af reynslu sem þar hefur fengist.

Aukið valfrelsi og sjálfsákvörðunarréttur um búsetuval og áframhaldandi sambúð hjóna getur dregið úr einsemd og einmanaleika og haft jákvæð áhrif á lífsgæði beggja aðila. Heilbrigður maki getur jafnvel létt á umönnunarþörf veika einstaklingsins. Íbúðir í nýjum hjúkrunarheimilum eru stórar og því mögulegt fyrir tvo einstaklinga að búa í þeim.

Tryggja þarf við lagasetningu að búsetustaða heilbrigða einstaklingsins við fráfall maka sé skýr. Reynsla starfsfólks sem starfað hefur á hjúkrunar- og dvalarheimilum þar sem hressari einstaklingar fluttu í dvalarrými til að vera nær maka sínum í hjúkrunarrými er sú að við fráfall maka í hjúkrunarrými hafi hressari einstaklingurinn verið búinn að taka upp heimilið sitt og hafi því ekki í nein hús að venda.

Landssamband eldri borgara styður framgang málsins og hvetur til lögfestingar þess á yfirstandandi þingi.

31. mars 2016  
Með vinsemd og virðingu  
F.h. Landssambands eldri borgara  
Haukur Ingibergsson, formaður